



Hörgársveit

# Fréttabréf

21. október 2013 4. árgangur 21. tölublað

## ÁRSHÁTÍÐIN

í Hlíðarbæ er á laugardaginn 26. október

Húsið opnar kl. 20:00, borðhald hefst stundvíslega kl. 20:30

Miðapantanir eru þriðjudagskvöld og miðvikudagskvöld kl. 20-22 í sínum 865 3910 (Aðalsteinn) og 868 3333 (Ásdís)

Í sjöunda himni er hljómsveitin og skemmtiatriðin verða á sömu slóðum.

## Tilboð í afnot af túni í landi Gilsbakka

Auglýst er eftir tilboðum í afnot af túni í landi Gilsbakka fyrir árin 2014, 2015 og 2016 með möguleika á lengingu leigutíma á hluta af eða öllu túninu.

Um er að ræða um 15 hektara lands sem skiptist þannig: tún (um 7 ha) sem hefur verið nýtt undanfarin ár, tún (um  $3\frac{1}{2}$  ha) sem komið var í órækt en hefur verið nýtt frá 2012 og tún (um  $4\frac{1}{2}$  ha) í órækt. Þjóða skal í allt landið og öll árin sem eina fasta upphæð.

Tilboðum skal skila til Hafnasamlags Norðurlands bs., Fiskitanga, 600 Akureyri, fyrir kl. 14:00 þann 11. nóvember 2013, en þá verða tilboðin opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er og hafna öllum.

Hafnastjóri Hafnasamlags Norðurlands bs.

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** horgarsveit@horgarsveit.is

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** www.horgarsveit.is

# Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fundur nr. 39** 16. október 2013

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

## **1. Fundargerðir heilbrigðisnefndar 5. júní 2013, 4. september 2013, 11. september 2013 og 2. október 2013**

Fyrsta fundargerðin er í sjö liðum, auk tólf umsókna um starfsleyfi. Önnur fundargerðin er í sjö liðum. Þriðja fundargerðin eru í þremur liðum, auk fimmtán umsagna og þrjátíuog-átta umsókna um starfsleyfi. Síðasta fundargerðin er í sex liðum, auk fimm umsagna og níu umsókna um starfsleyfi. Í öðrum lið hennar er afgreiðsla á fjárhagsáætlun heilbrigðis-eftirlitsins fyrir árið 2014. Hún hljóðar samtals upp á 53,3 millj. kr. Gert er ráð fyrir að hlutur sveitarfélagsins og rekstraraðila í Hörgársveit verði samtals 1,4 millj. kr. Fundargerðirnar varða ekki Hörgársveit með beinum hætti, að undanskildu umsókn um starfsleyfi fyrir skelfiskræktun við Dagverðareyri og Brávelli og fimmti liður síðustu fundargerðar, sem er umsögn um tillögu að deiliskipulagi Skúta. *Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir árið 2014. Að öðru leyti gefa fundargerðirnar ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

## **2. Fundargerð fræðslunefndar 26. september 2013**

Fundargerðin er í sex liðum, þ.e. um skipulag yfirstandandi skólaára í Álfasteini og þelamerkurskóla, afmæli þelamerkurskóla, eldvarnaskýrslu Álfasteins, auk umræðna um skipulag skólamála og um fjárhagsáætlun fræðslu- og uppeldismála fyrir árið 2014. *Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

## **3. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 9. október 2013**

Fundargerðin er í sex liðum. Í henni eru gerðar tillögur til sveitarstjórnar um af-greiðslu á framkomnum athugasemdum við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 og um framkvæmdaleyfi fyrir rofvörnum fyrir Hringveginn í Öxnadal. Áðrir liðir fundargerðarinnar eru um deiliskipulag á Akureyri, um könnun á vilja til að setja samræmdar reglur fyrir flokkun heimilisúrgangs og um ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga. *Sveitarstjórn samþykkti tillögur skipulags- og umhverfisnefndar, annars vegar um afgreiðslu á framkomnum athugasemdum við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 og hins vegar um framkvæmdaleyfi fyrir rofvörnum fyrir Hringveginn í Öxnadal. Í samræmi við tillögu svæðisskipulagsnefndarinnar og afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins á henni samþykkti sveitarstjórnin fyrir sitt leyti fyrirliiggjandi tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

## **4. Endurbætur á húsnæði þelamerkurskóla og skipulag skólamála**

Fram kom að vinnuhópur um endurbætur á húsnæði þelamerkurskóla og skipulag skólamála gerir þá tillögu að nú þegar verði hafin undirbúningur að því að láta gera útboðsgögn fyrir stækkun anddyris, uppsetningu lyftu og viðhald A-álmu þelamerkurskóla. Þá kom fram að fræðslunefnd, ásamt þeim sem rétt eiga til setu á fundum nefndarinnar, og oddviti fóru nýlega í kynnisferð í Árskógarskóla vegna hugmynda sem fram hafa komið um að grunnskóli og leikskóli sveitarfélagsins verði sameinaðir í húsnæði þelamerkurskóli. *Sveitarstjórn samþykkti að vinnuhópur um endurbætur á húsnæði þelamerkurskóla og skipulag skólamála útfæri fyrirliiggjandi tillögu um framkvæmdir í þelamerkurskóla og jafnframt að vinnuhópurinn afli fjárhagslegra, arkitektúrískra og skólapólítískra upplýsinga um fýsileika þess að sameina grunnskóla og leikskóla sveitarfélagsins. Sveitarstjórnin samþykkti að heimila ráðningu starfsmanns til að hafa umsjón með verkefninu.*

## 5. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2017, fyrri umræða

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2017. Tillagan gerir ráð fyrir að á árinu 2014 verði rekstrarafgangur 12,6 millj. kr. og að veltufé frá rekstri á árinu verði 37,5 millj. kr. *Sveitarstjórn samþykkti að vísa fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun árunna 2014-2017 til síðari umræðu.*

## 6. Fagrávík, leyfislaus gámur

Rætt um gám í frístundabyggð í Fögruvík sem er án byggingarleyfis og hefur verið breytt í íbúðargám, sem nýttur er til útleigu. Fram kom að komið hafa fram ítrekaðar kvartanir um ónáði af veru fólks í honum. *Sveitarstjórn samþykkti að veita umráðamanni gáms í Fögruvík, sem veitt var stöðuleyfi fyrir í eitt ár þann 6. júlí 2010, frest til 31. janúar 2014 til að fjarlægja hann.*

## 7. Hjalteyri ehf., beiðni um viðræður um endurskoðun á skuldabréfi

Lagt fram tölvubréf, dags. 26. sept. 2013, frá Hjalteyri ehf., þar sem óskað er eftir viðræðum um endurskoðun á skilmálum skuldabréfs, sem gefið var út vegna kaupa á verksmiðju-byggingunum á Hjalteyri. *Sveitarstjórn samþykkti að verða ósk Hjalteyrar ehf. um viðræður um endurskoðun á skilmálum skuldabréfs.*

## 8. Hjalteyri, aðstaða fyrir stýrishús

Lagt fram tölvubréf, dags. 7. okt. 2013, frá Víði Björnssyni, þar sem óskað er eftir aðstöðu á Hjalteyri fyrir stýrishús sem verið er að endurbæta og breyta. *Sveitarstjórn samþykkti, sem umráðandi lands, að stýrishús báts verði sett niður tímabundið fyrir austan verksmiðjubyggingarnar á Hjalteyri, með fyrirvara um samþykki byggingarnefndar.*

## 9. Staðartunga, umsókn um ljósastaura við heimreið

Lögð fram umsókn, dags. 4. sept. 2013, um ljósastaura við heimreið að nýju íbúðarhúsi í Staðartungu. *Sveitarstjórn samþykkti að ljósastaurar verði settir við heimreið að nýju íbúðarhúsi í Staðartungu í samræmi við reglur sveitarfélagsins um ljósastaura við heimreiðar.*

## 10. Sameining heilbrigðisstofnana

Lagt fram bréf, dags. 25. september 2013, frá velferðarráðuneytinu þar sem gerð er grein fyrir því að ráðherra stefni að sameiningu tiltekinna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, þar á meðal: Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsgæslustöðin Dalvík og Heilsgæslustöðin á Akureyri. *Sveitarstjórn gerði eftirfarandi samþykkt: Sveitarstjórn Hörgársveitar er mótfallin því að Heilsgæslustöðin á Akureyri verði sameinuð stofnunum utan héraðs. Stofnunin gegnir afar mikilvægri grunnþjónustu við íbúana, sem ætíð verður að vera tryggð, og leita verður annara leiða við framkvæmd hennar.*

## 11. Laugareyri, skýrsla um jarðhita

Lögð fram skýrsla sem gerð er af Íslenskum orkurannsóknnum (ÍSOR), dags. í október 2013, um jarðhita og berglög í Laugareyri í Hörgárdal, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 18. apríl 2012. Niðurstaða skýrslunnar er að æskilegt sé að bæta við segulmælingum sunnan og austan við Laugareyri og að stækka svæðið sem hitamælingar í jarðvegi ná yfir. Þá kemur fram að áður en til þess kemur að staðsetja djúpa rannsóknarholu, sem gæti jafnframt orðið vinnsluhola ef hún heppnast, þarf að bora nokkrar könnunarholur í innanverðum Hörgárdal m.a. til að kanna nákvæmlega hitadreifingu í berggrunninum. *Sveitarstjórn samþykkti að óskað verði eftir viðræðum við ÍSOR, Norðurorku og Orkusjóð um viðbótarathuganir á möguleikum þess að vinnanlegur jarðhiti finnist í framanverðum Hörgárdal.*

**12. Alþingi, fundur með fjárlaganefnd**

Lagt fram bréf, dags. 26. sept. 2013, frá Alþingi þar sem boðið upp á fund með fjárlaganefnd. *Sveitarstjórn samþykkti að þiggja framlagt boð um fund með fjárlaganefnd Alþingis og að hann verði með fjárfundarfyrirkomulagi.*

**13. Dysnesspilda, umsókn um framlengingu samnings um beitarafnot**

Lagt fram tölvubréf, dags. 4. okt. 2013, frá Freydís Dönu Sigurðardóttur o.fl. þar sem óskað er eftir að gildandi samningur um beitarafnot á Dysnesspildu verði framlengdur til næsta sumars. *Sveitarstjórn samþykkti að að gildandi samningur um beitarafnot á Dysnesspildu verði framlengdur til 1. júní 2014.*

**14. Æðarvarp Ósi, umsókn til að nota hljóðdeyfi á byssu**

Lagt fram bréf frá Sigurði Pálssyni þar sem óskað eftir staðfestingu, vegna umsóknar til sýslumanns, á nauðsyn fyrir að nota hljóðdeyfi á byssu í æðarvarpinu á Ósi, sbr. 38. gr. vopnalaga nr. 16/1998. *Sveitarstjórn samþykkti að staðfest yrði að ekkert sé því til fyrirstöðu að hljóðdeyfir á byssu sé notaður í æðarvarpinu í Ósi.*

**15. Varpholt-Dagverðareyri, reiðleið, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, dags. 13. október 2013, frá Ólafi Aðalgeirssyni o.fl. þar sem óskað er eftir styrk til efniskaupa til lagfæringa á reiðleið frá Varpholti að Dagverðareyri. *Sveitarstjórn samþykkti að veittur verði 200 þús. kr. styrkur til lagfæringa á reiðleiðinni Varpholt-Dagverðareyri, sem komi til greiðslu á árinu 2014.*

**16. Bifreiðamál**

Fram kom að verulegt viðhald á bifreið sveitarfélagsins er fjórsjáanlegt á næstunni. Fram kom að samskonar bifreið af yngri árgerð og mun minna ekinn er fánleg fyrir ásættanlegt verð. *Sveitarstjórn samþykkti að heimila, í samræmi við umræður á fundinum, að keypt verði bifreið fyrir þjónustustöð.*

**17. Landbyggðin lifi, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, dags. 2. október 2013, frá samtökunum Landsbyggðin lifi þar sem sótt er um styrk vegna starfsemi samtakanna. *Sveitarstjórn samþykkti að hafna erindinu.*

**18. Vinstri Hægri Vinstri, styrkbeiðni**

Lagt fram tölvubréf, dags. 10. okt. 2013, frá leikhópi sem óskar eftir styrk að til að sýna leikritið Vinstri Hægri Vinstri í Belamerkurskóla. *Sveitarstjórn samþykkti að hafna erindinu.*

**19. Menningarfélagið Hof, aðalfundarboð**

Lagt fram bréf, dags. 1. október 2013, frá Menningarfélaginu Hofi, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins. *Sveitarstjórn samþykkti að oddviti og sveitarstjóri fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.*

**20. Hólahólar og Hóladalur, friðlýsing**

Lögð fram drög að auglýsingu um friðlýsingu Hólahóla og Hóladals, dags. 14. október 2013. Fram kom að viðræður sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar hafa farið fram um efni auglýsingarinnar, sbr. 2. tl. í fundargerð sveitarstjórnar 18. september 2013. *Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu málsins.*

**21. Þrastarhóll, breyting á bæjarnafni**

Lagt fram bréf, dags. 11. október 2013, frá Vilborgu Pedersen, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir því að bæjarnafni Þrastarhóls I verði breytt í Þrastarhól 2. *Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að bæjarnafni Þrastarhóls I verði breytt í Þrastarhól 2.*

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. nóvember í Belamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 18. nóvember